

Nd.

557. Nefndarálit

um frv. til l. um gerð flugvalla og lendingarstaða fyrir flugvélar.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál allengi til meðferðar og rætt það á mörgum fundum. Enn fremur hefur hún leitað álits sérfróðra manna í flugmálum um þá kafla þess, sem eru þess eðlis, að fyrst og fremst verður um þá dæmt af sérfræðingum. M. a. hafði nefndin samráð við framkvæmdastjóra og formann Flugfélags Íslands um þau efni. Flugmálaráðunaut ríkisins gat nefndin ekki fengið á fund sinn, þar eð hann hefur um nokkurt skeið dvalizt erlendis í erindum ríkisstjórnarinnar. En hann mun hafa verið í ráðum með ríkisstjórninni, er undirbjó frv. og flutti það.

Það atriði frv., er nefndin tók fyrst til athugunar, var val þeirra staða, þar sem samkvæmt því skal gera flugvelli, flugskýli og önnur flugmannvirki í framtíðinni. Kom þá fljótlega í ljós, að fjöldi þingsmanna var óánægður með það, á hversu fáum stöðum var gert ráð fyrir, að slík mannvirki yrðu byggð, og töldu sig knúða til að flytja brtt. um nýja staði, hver í sínum landshluta. Nefndin hafði því þann hátt á að reyna að hafa samband og samráð við alla þm. í báðum deildum þingsins um óskir þeirra í þessum efnum. Var í því skyni skipuð tveggja manna undirnefnd til þess að kanna þessar óskir. Að því loknu hafði svo nefndin fund með fyrrgreindum ráðamönnum flugmálanna og bar hinar ýmsu óskir um flugmannvirki á einstökum stöðum og landshlutum undir þá. Það var meginskoðun nefndarinnar á þessu atriði, að ekki yrði hjá því komizt að fjölga allmjög stöðum, er flugmannvirki skal gera á, frá því, sem gert er ráð fyrir í frv. Fer og fjarri því, að slíkt komi að nokkurri sök. Slík ákvæði laga um byggingu flugmannvirkja hljóta að vera hliðstæð gildandi ákvæðum vega- og brúalaga. Upp í slík lög er tekinn fjöldi vega og brúa, en fjárveitingar í fjárlögum einstakra ára ráða um, hvenær ráðizt er í framkvæmdirnar sjálfar. Þessu mun verða varið mjög á svipaða lund um byggingu flugmannvirkja. Í upphafi mun verða snúizt að því að koma þeim upp á þeim stöðum, sem brýnust nauðsyn er fyrir hendi, síðan færðar út kviarnar eftir því, sem þörfin í einstökum byggðarlögum eða samgöngumálum landsmanna í heild krefur og gjaldgeta ríkisins leyfir. Nefndin telur þess vegna eðlilegt, að þegar sett eru lög um þessi efni, séu þegar í upphafi tilteknir allmargir staðir, er flugmannvirki skuli gerð á. Leggur hún því til, að allmörgum stöðum sé bætt inn á frv. Allar eru þessar breytingar um nýja staði til viðbótar um fjórða flokks flugvelli samkv. 2. gr. frv. En samkvæmt áliti fróðra manna um þessi efni er í frv. sæmilega séð fyrir þörfum, að því er snertir hin veigameiri flugmannvirki. Í nokkrum byggðarlögum og einstökum landshlutum hefur nefndin ekki tekið einstaka staði upp í tillögur sínar, heldur byggðarlagið eða landshlutann í heild. Er gert ráð fyrir, að frekari rannsókn þurfi að fara fram, áður en sjálfur staðurinn er valinn. Um nokkra landshluta er þannig ástatt í sjálfu frv. ríkisstjórnarinnar.

Þá leggur nefndin til, að sú breyting verði gerð á frv., að 2. mgr. 8. gr. þess verði felld niður, en samkv. þessari mgr. er ríkisstjórninni heimilað að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og þeim, sem gera út loftför, að taka eignarnámi vegna loftferða, lóðir, lóðaréttindi og mannvirki. Þótti nefndinni naumast viðeigandi, að aðilar þeir, sem í mgr. greinir, fengju sjálfir slíka þeina eignarnámsheimild, og hún enda óþörf.

Þá taldi nefndin og rétt að fella niður 1. mgr. 9. gr. frv., en þar var gert ráð fyrir, að bætur fyrir landnám og jarðrask vegna flugvalla í 3. og 4. flokki skyldu greiðast úr sýslu- og bæjarsjóði, þar sem land það er, sem bætur greiðast fyrir. Nefndin áleit slíkt ákvæði óeðlilegt og ekki í samræmi við þá almennu reglu, sem nú er í vegalögum, að ríkissjóður greiði einn slíkar bætur. Er breytingartillaga

nefndarinnar um þetta atriði því nánast leiðrétting til samræmis við ákvæði vegalaga. Að lokum taldi nefndin rétt, að fyrirsögn frv. yrði breytt litlilega, — áleit, að orðið „gerð“ í fyrirsögn þess gæfi ekki fyllilega rétta hugmynd um það, sem þar er átt við.

Um frv. sem heild var nefndin annars sammála og telur samþykkt þess nauðsynlegan hyrningarstein merkilegra umbóta í samgöngumálum þjóðarinnar.

Samkv. ofangreindu leggur því nefndin einróma til, að frv. verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM:

I. Við 1. gr.

d. Í 4. fl. Liðurinn verði svo hljóðandi:

1. Á Akranesi.
2. Á Snæfellsnesi.
3. Á Kambsnesi við Búðardal í Dalasýslu.
4. Í Austur-Barðastrandarsýslu.
5. Í Vestur-Barðastrandarsýslu.
6. Í Öndarfirði.
7. Á Melgraseyri við Ísafjarðardjúp.
8. Hjá Hólmavík.
9. Hjá Raufarhöfn.
10. Hjá Þórshöfn.
11. Í Vopnafirði.
12. Í Borgarfirði eystra.
13. Hjá Búðum í Fáskrúðsfirði.
14. Í Neskaupstað.
15. Hjá Djúpavogi.
16. Í Breiðdalsvík.
17. Í Suðursveit.
18. Hjá Fagurhólsmýri.
19. Á Síðu.
20. Við Mýrdalssand að austan.
21. Í Mýrdal.
22. Á Skógasandi.
23. Í Landeyjum.
24. Á Rangárvöllum.
25. Í Árnessýslu (efra og neðra).

II. Við 6. gr. Orðin „sbr. þó 1. mgr. 9. gr.“ í enda fyrri mgr. falli niður.

III. Við 8. gr. 2. mgr. falli niður.

IV. Við 9. gr. Fyrri mgr. falli niður.

V. Fyrirsögn frv. verði:

Frumvarp til laga um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar.

Alþingi, 23. nóv. 1944.

Gisli Sveinsson,
form.

Sveinbjörn Högnason,
fundaskr.

Sigurður Bjarnason,
frsm.

Barði Guðmundsson.

Lúðvík Jósefsson.